

Til þess er málið varðar !

Reiðveganefnd Sörla fyrir hönd stjórnar Sörla óskar eftir að fá að setja upp vegvísa á reiðvegi á hestasvæði félagsins og í upplandi Hafnarfjarðar.

Tilgangur þessara vegvísa er að leiðbeina þeim er um svæðið ferðast auk þess er vist öryggi í vegvísunum ef óhapp verður á svæðinu.

Vegvísar sem þessir eru í notkun hjá öðrum hestamannafélögum í nágretta sveitafélögunum svo sem Garðabæ , Reykjavík og Mosfellsbæ.

Landsamband hestamannafélaga er búið að gera samning við Neyðarlínuna um að setja GPS punta þessara vegvísa í kortagrunn sem að þeir nota þannig að viðbragðsaðilar eiga auðveldara með að finna þá sem þurfa á aðstoð að halda.

Byggist þetta kerfi upp þannig að hver vegvísir er með númer auk póstnúmers svæðis t.d.

vegvísir 3 / 220 gefur upp númer á vegvísinum og að hann er staðsettur á Hafnarfjarðarsvæðinu.

Ef að Neyðarlínan fær þessi númer þá eru þau sett inní kortagrunn þeirra og þá koma GPS puntarnir vegvísana upp. Viðbragðsaðilarnir fá þá hnitin í kortagrunn bílsins sem vísað leiðina til þess er aðstoð þarf á að halda.






Eins og þessi mynd sýnir falla vegvísarnir vel inn í umhverfið og verður ekki sjónmengun af þeim.




Reiðveganefnd Sörla hefur safnað fyrir kostnaði á gerð þessara vegvísa auk staura og sökklá en við óskum eftir aðstoð frá Hafnarfjarðarbæ við að setja þá upp um er að ræða 10 vegvísa. Staðsetning þessara vegvísa er sýnd á korti ( Sjá viðhengi ) Hér að neðan eru tilögur að áletrun á skiltin

## Tillaga að áletrunum á vegvísunum

### Vegvísir 1



### Vegvísir 3



### Vegvísir 2

Sörlastaðir 0,8 km

Kaldárselsvegur 1,8 km  
Áning

Hlíðarþúfur 1,5 km  
Vífilsstaðarhlíð 4,2 km

### Vegvísir 7

Sörlastaðir 2,2 km

Kaldársel 1,4 km  
Smyrlabúð 1,9 km

Kjóadalur 1,1 km  
Hvaleyrarvatn 4,0 km

### Vegvísir 6

Sörlastaðir 1,3 km

Kaldársel 2,3 km  
Smyrlabúð 3,3 km

Kjóadalur 1,4 km  
Hvaleyrarvatn 4,3 km



### Vegvísir 5

Kaldárselsvegur áning 1,4 km  
Sörlastaðir 2,7 km




Kaldárselsvegur 1,1 km

Hvaleyrarvatn 2,9 km



### Vegvísir 4





### Vegvísir 8



### Vegvísir 10



### Vegvísir 9



## Erindi 2

Það þarf að skoða er hvort að það sé hægt að breyta lokuninni í Sléttuhlíð .

Við skiljum að það séu viss óþægindi fyrir íbúa Sléttuhlíðar að hafa mikla hestaumferð þar og að þeir hafi óskað eftir lokun á hestaumferð á því svæði.

Hinsvegar er verið að þrengja að okkur hestamönnum með lokunum á reiðleiðum þannig að við óskum eftir því að hluti af svæðinu verði opnaður aftur og að lokunar skiltið verði fært innar í Sléttuhlíðina svo að við getum notað áfram vissan hring sem er frá Gráhelluhrauni að hellunum og þaðan að Kaldárselsvegi. ( sjá svarta línu á korti ) Með þessu móti verður stæðsti hluti Sléttuhlíðar lokaður fyrir hestaumferð en við getum samt notað vissan hring sem hluta af okkar útreiðarsvæði. Það eru mörg dæmi þess að hestaumferð og íbúabyggð fari saman t.d. við Elliðavatn og Vaðahverfinu við Rauðhóla þannig að þetta er ekki alsæl blandið eykur bara fjölbreytileika svæðisins .

## Erindi 3

Stjórn Sörla ætlar að veita umhverfisviðurkenningu fyrir snyrtilegustu hesthúsin og umhverfi og mun Kaplaskeið hljóta þessa viðurkenningu í ár . Óskum við eftir leyfi til að setja upp viðurkenninguna á staur þar sem skiltið Kaplaskeið er .

Hér er mynd af viðurkenningar merkinu að neðan.



## Erindi 4

Að lokum er uppsetning á skiltum við báða enda göngustígsins sem er fyrir neðan Hlíðarþúfur ég sýndi Ismael mynd af skilti sem eru við svæði hestamannafélagsins Spretts þar sem vegfarendum er bent á að þeir séu að fara inná svæði þar sem hestar er og að þeir geta fælst við hraða og hávaða þannig að vegfarendur eru beðnir að fara varlega og sýna tillitsemi væri gott fá svona skilti til þess að fólk átti sig á þessum þætti svæðisins. Hægt er að sjá þessa mynd hjá Ishmael.

Fleira er það ekki í bili en ef að óskað er eftir frekari upplýsingum þá er ég tilbúinn að veita þær hvenær sem er .

Fyrir hönd reiðveganeftdar Sörla

Eggert Hjartarson  
gsm 8479770